

Lýsing á starfsemi móttöku- og flokkunarstöðvar SORPU í Gufunesi skv. 6. gr. reglugerðar 550/2018, vegna umsóknar um starfsleyfi.

- a. Stöðinni og starfsemi hennar,

Móttöku- og flokkunarstöðin í Gufunesi tekur á móti meginparti úrgangs sem fellur til hjá heimilum og rekstraraðilum á höfuðborgarsvæðinu, sem og frá öðrum sveitafélögum eins og t.d Vestmannaeyjum. Móttöku- og flokkunarstöðin tekur einnig á móti endurvinnsluefnum sem skilað er til endurvinnslustöðva og í grenndargáma höfuðborgarsvæðisins. Til móttöku- og flokkunarstöðvar berst mikið magn af flokkuðum endurvinnsluefnum eins og pappír, bylgjupappa og plasti og er efnin böggðuð og send til endurvinnslu í Svíþjóð. Ólitað timbur sem berst til móttöku- og flokkunarstöðvarinnar er kurlað niður í timburkurl sem m.a. er notað í vinnsluferli gas- og jarðgerðarstöðvar SORPU á Álfsnesi í Reykjavík, það timburkurl sem ekki nýtist innan fyrirtækisins er selt í iðnað innanlands. Tekið er við dýrahæjum og þau flutt frosin til brennslu í Kólku sorpeyðingarstöð. Slík starfsemi er eftirlitsskyld hjá MAST og hefur stöðin því fengið leyfi hjá MAST fyrir móttöku og flutning á dýraleyfum.

- b. Hráefnum og hjálparefnum, öðrum efnum og þeirri orku sem er notuð eða framleidd í stöðinni,

Haldið er utan um magn hráefna, hjálparefna og orku sem keypt er fyrir rekstur stöðvarinnar í grænu bókhaldi SORPU. Upplýsingar úr grænu bókhaldi eru birtar árlega í umhverfisskýrslu SORPU. Umhverfisskýrsla er birt opinberlega og má finna á heimasíðu fyrirtækisins, ýtarlegri gögn úr grænu-bókhaldi eru geymd á innri vef fyrirtækisins.

- c. Upptökum losunar í stöðinni,

- Vinnuvélar og farartæki viðskiptavina
- Lífúrgangur fyrir GAJA
- Úrgangur í vinnsluferli stöðvarinnar
- Úrgangseðja á vinnslugólfi
- Tækjabúnaður
- Setþró fyrir frárennsli
- Þvottaplan

- d. Staðhættum við stöðina,

Sjá breytingu á deiliskipulagi Gufunes í fylgiskjölum.

- e. Eðli og magni fyrirsjáanlegrar losunar frá stöðinni út í hvern hluta umhverfisins, svo og tilgreining á umtalsverðum áhrifum losunarinnar á umhverfið, Haldið er utan um eðli og magn losunar frá stöðinni í grænu bókhaldi SORPU. Upplýsingar úr grænu bókhaldi eru birtar árlega í umhverfisskýrslu SORPU. Umhverfisskýrsla er birt opinberlega og má finna á heimasíðu fyrirtækisins, ýtarlegri gögn úr grænu-bókhaldi eru geymd á innri vef fyrirtækisins.

- f. Áformaðri tækni og öðrum aðferðum til að koma í veg fyrir mengun eða, ef það tekst ekki, draga úr losun frá stöðinni.

Samkvæmt innkaupastefnu SORPU er sjálfbærni höfð að leiðarljósi við innkaup og tekið mið af umhverfis- og loftslagssjónarmiðum (sjá stefnu í fylgiskjölum). Þegar nýjar vinnuvélar eru keyptar er því leitast við að kaupa tæki sem ganga fyrir vistvænum orkugjöfum s.s. metan og rafmagni.

Tekið er við öllum lyktarsterkum úrgang innandyra og lyktarsterkur úrgangur s.s. sér safnaður lífúrgangur frá heimilum og rekstraaðilum er geymdur í lokanlegum gámum. Þannig er hægt að draga úr loft- og lyktarmengun auk þess hindrar það ásókn dýra í úrganginn.

Ef lyktarsterkur úrgangur berst inn til stöðvarinnar er leitast við að vinna hann eins fljótt og unnt er. Ef mikil lykt fer að stafa af úrgang í stöð þá er brugðið til þess ráðs að úða lyktareyði yfir uppsprettu ólyktar.

Brennsluefni sem er baggað til útflutnings er pakkað inn í plast til að lágmarka slæðing og uppgufun frá brennsluefni. Síðan er efninu hlaðið inn í flutningsgám eins fljótt og unnt er.

Gólf stöðvarinnar eru þrifuð reglulega og þannig er dregið úr lyktarmengun og uppgufun mengunarefna frá starfstöð.

Búnaður var settur á tækjabúnað sem lágmarkar notkun smurefnis og þannig er dregið úr mengun frá tækjabúnaði sem endar í frárennsli.

Fokgirðingar hafa verið settar upp á suður og vestur hluta lóðarmark til að taka við megninu af því foki úrgangs sem myndast frá starfsemi.

- g. Fyrirbyggjandi ráðstöfunum, undirbúningi fyrir endurnotkun, endurvinnslu og endurheimt úrgangs sem myndast í stöðinni.

Líkt og með annan úrgang sem SORPA tekur við þá er leitast er við að ráðstafa úrgang frá starfsemi eftir forgangsröðun úrgangspríhyrningsins. Þannig er reynt að draga úr myndun úrgangsfrá starfseminni, því næst er reynt að endurnota, endurvinna, endurnýta og síðast er efni fargað með ábyrgum hætti ef engin önnur leið er fær. Spilliefnum sem falla til frá starfsemi er ráðstafað til aðila sem hafa til skilin leyfi til að meðhöndla slík efni.

- h. Frekari ráðstöfunum sem eru ráðgerðar til að fara að almennu meginreglunum um grundvallarskyldur rekstraraðila sem kveðið er á um í 11. gr.,

Á ekki við.

- i. Ráðstöfunum, sem eru ráðgerðar til að vakta losun út í umhverfið,

Sýnataka er framkvæmd á frárennsli stöðvarinnar einu sinni fyrir 1.okt. á hverju ári. Grænt-bókhald heldur utan um magn eldsneytis sem keypt er til notkunar við vinnslu stöðvarinnar árlega. Upplýsingar úr grænu bókhaldi eru birtar árlega í umhverfisskýrslu SORPU. Umhverfisskýrsla er birt opinberlega og má finna á heimasíðu fyrirtækisins, ýtarlegri gögn úr grænu-bókhaldi eru geymd á innri vef fyrirtækisins.

- j. Helstu valkostum, sem umsækjandinn hefur rannsakað, í stað áformaðrar tækni, aðferða og ráðstafana, í formi yfirlits

Framkvæmdar voru umfangsmiklar mælingar á loftgæðum í stöðvarhúsi starfstöðvarinnar á árunum 2022 til 2023. Mælingarnar voru nýttar í loftgæðarannsókn sem var ætlað að leggja mat á hugsanleg skaðleg áhrif loftgæða á heilsu starfsfólks á vinnustaðnum. Minnisblað um rannsóknina er að finna í fylgigögnum.